

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 205/2007 um lofthæfi- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Markmið.

Markmiðið með reglugerð þessari er að auka öryggi í flugi með því að innleiða reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1057/2008 frá 27. október 2008 um breytingu á II. viðbæti við viðaukann við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 varðandi lofthæfistaðfestingarvottorðið (EASA-eyðublað nr. 15a).

2. gr.

4. gr. orðast svo ásamt fyrirsögn:

Innleiðing.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirtaldir reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka EES-samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 um framkvæmdareglur varðandi lofthæfi- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja, merkt fylgiskjal I, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 16/2005 frá 8. febrúar 2005, sem birtist í 32. viðauka við EES-samninginn 23. júní 2005, bls. 22;
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 381/2005 frá 7. mars 2005 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 um framkvæmdareglur varðandi lofthæfi- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja, merkt fylgiskjal II, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 122/2005 frá 30. september 2005, sem birtist í 66. viðauka við EES-samninginn 22. desember 2005, bls. 17;
3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 706/2006 frá 8. maí 2006 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 um framkvæmdareglur varðandi lofthæfi- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja, merkt fylgiskjal III, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 132/2006 frá 27. október 2006, sem birtist í 64. viðauka við EES-samninginn 21. desember 2006, bls. 4;
4. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 335/2007 frá 28. mars 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1702/2003 um lofthæfi- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2007 frá 6. júlí 2007;
5. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 287/2008 frá 28. mars 2008 um framlengingu á gildistíma sem vísað er til í 3. mgr. 2. gr. c í reglugerð (EB) nr. 1702/2003, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2008 frá 7. nóvember 2008;
6. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 375/2007 frá 30. mars 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1702/2003 um framkvæmdareglur varðandi lofthæfi- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2007 frá 6. júlí 2007, sem birtist í 60. viðauka við EES-samninginn, 13. desember 2007, bls. 26.

Reglugerðirnar eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Við 4. gr. bætist nýr töluliður sem orðast svo:

7. Reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 1057/2008 frá 27. október 2008 um breytingu á II. viðbæti við viðaukann við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 varðandi lofthæfistaðfestingarvottorðið (EASA-eyðublað nr. 15a), birt sem fylgiskjal IV við reglugerð þessa, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka EES-samningsins nr. 70/2009 frá 29. maí 2009.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. mgr. 28. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 23. september 2009.

Kristján L. Möller.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal IV.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1057/2008**

frá 27. október 2008

um breytingu á II. viðbæti við viðaukann við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 varðandi lofthæfistaðfestingarvottorðið (EASA-eyðublað nr. 15a)

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

Með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði⁽²⁾ hefur verið breytt með reglugerð (EB) nr. 1056/2008⁽³⁾.
- 2) Skipta skal út lofthæfistaðfestingarvottorðinu, sem sett er fram í II. viðbæti við viðaukann í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi

framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja⁽⁴⁾, til að endurspegla breytingarnar sem gerðar hafa verið á reglugerð (EB) nr. 2042/2003.

- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álitum sem Flugöryggisstofnunin⁽⁵⁾ gaf út í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað II. viðbætis (Lofthæfistaðfestingarvottorð (Airworthiness Review Certificate), EASA-eyðublað nr. 15a) í viðaukanum (21. hluta) við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 komi textinn sem settur er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. október 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio TAJANI

varaforseti.

⁽¹⁾ Stjórn. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.
⁽²⁾ Stjórn. ESB L 315, 28.11.2003, bls. 1.
⁽³⁾ Stjórn. ESB L 283, bls. 5.

⁽⁴⁾ Stjórn. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 6.
⁽⁵⁾ Alit nr. 02/2008.

VIÐAUKI

„II. viðbætur

Lofthæfistaðfestingarvottorð

[AÐILDARRÍKI]

Aðili að Flugöryggisstofnun Evrópu

LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ

Tilvísunarnúmer vottorðs:

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS] hér með að eftirfarandi loftfar:

Framleiðandi loftfars:

Einkenni framleiðanda fyrir loftfarið:

Skráning loftfars:

Raðnúmer loftfars:

telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: Síðasti gildisdagur:

Undirskrift: Númer heimildar:

Fyrsta framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: Síðasti gildisdagur:

Undirskrift: Númer heimildar:

Heiti fyrirtækis: Tilvísunarnúmer samþykkis:

Önnur framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2042/2003. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: Síðasti gildisdagur:

Undirskrift: Númer heimildar:

Heiti fyrirtækis: Tilvísunarnúmer samþykkis:

EASA-cyðublað nr. 15a”